

Ed.

37. Frumvarp til laga

[36. mál]

um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum.

(Lagt fyrir Alþingi á 87. löggjafarþingi, 1966.)

I. KAFLI

Almenn ákvæði.

1. gr.

Samábyrgð Íslands á fiskiskipum, í lögum þessum nefnd „Samábyrgðin“, skal eiga heimili og varnarþing í Reykjavík.

2. gr.

Samábyrgðin tekst á hendur:

- a. Endurtryggingu á skipum, sem frumtryggð eru hjá bátaábyrgðarfélögum.
- b. Aðrar endurtryggingar fyrir bátaábyrgðarfélög.
- c. Frumtryggingu á skipum, sem ekki eru skyldutryggð hjá bátaábyrgðarfélögum.
- d. Frumtryggingu á skipum, sem ríkissjóður eða ríkisstofnanir gera út eða sjá um útgerð á. Skyld er að vátryggja hjá Samábyrgðinni öll skip, sem ríkissjóður á og tryggir á hverjum tíma, þó svo, að tryggingakjörin séu ekki lakari en hjá öðrum tryggingafélögum að dómi ríkisstjórnarinnar.
- e. Aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, svo sem tryggingar á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar. Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar.
- f. Bráðafúatryggingu á tréskipum.

Samábyrgðin skal hafa eftirlit með starfsemi bátaábyrgðarfélaganna og vera þeim til ráðuneytis um reksturinn.

3. gr.

Í stjórn Samábyrgðarinnar eru fimm menn og jafnmargir til vara.

Ráðherra skipar þrjú menn í stjórn, einn án tilnefningar og er hann formaður, og tvo eftir tilnefningu Landssambands íslenskra útvegsmanna. Á sama hátt skipar ráðherra þrjú varamenn í stjórn.

Bátaábyrgðarfélögin kjósa tvo stjórnarmenn og tvo til vara, sbr. 6. gr.

Skipunartími stjórnarinnar er fjögur ár.

Ef stjórnarmaður forfallast, skal varamaður, tilnefndur af sama aðila, taka sæti hans. Skal annaðhvort aðalmaður eða varamaður vera búsettur í Reykjavík eða nágrænni.

Stjórnin velur sér varaformann.

Ráðherra ákveður þóknun stjórnarinnar, en hún greiðist af Samábyrgðinni.

4. gr.

Stjórnarfundur skal halda, þegar formaður telur þess þörf eða tveir stjórnarmenn krefjast. Formaður er fundarstjóri, en varaformaður, ef formaður mætir elgi.

Stjórnarfundur er löglegur, ef þrjú stjórnarmenn mæta, þar á meðal formaður eða varaformaður.

Meiri hluti atkvæða ræður úrslitum máls, en ef atkvæði eru jöfn, ræður atkvæði fundarstjóra.

Stjórnin ræður framkvæmdastjóra fyrir Samábyrgðina og ákveður verksvið hans. Framkvæmdastjóri má ekki eiga sæti í stjórn félagsins.

5. gr.

Reikningsár Samábyrgðarinnar er almanaksárið.

Í reikningum félagsins skulu koma fram tekjur og gjöld í hverri grein trygginga fyrir sig, eins og þær eru aðgreindar í 2. gr., staflíðum a.—e.

Bráðafúatryggingarnar skulu vera sérstök deild í Samábyrgðinni með aðgreindu reikningshaldi, og ber aðalsjóður félagsins ekki ábyrgð á skuldbindingum þeirrar deildar.

Reikningarnir skulu endurskoðaðir af endurskoðanda, sem ráðherra skipar.

Stjórn Samábyrgðarinnar skal fyrir júnílok ár hvert senda ráðuneytinu reikninga félagsins fyrir næstliðið ár, og skulu þeir birtir í Stjórnartíðindum.

6. gr.

Samábyrgðin skal eigi sjaldnar en þriðja hvert ár boða til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögum þeim, sem endurtryggja hjá Samábyrgðinni.

Hvert félag hefur rétt til að senda tvo fulltrúa á fundinn. Formaður og framkvæmdastjóri félags eru sjálfkjörnir fulltrúar, en ef þeir geta ekki mætt, ákveður stjórn félagsins, hverjir skuli mæta af þess hálfu.

Stjórn Samábyrgðarinnar og framkvæmdastjóri hafa rétt til að sitja fulltrúafund.

Á fulltrúafundi skal kjósa tvo menn í stjórn Samábyrgðarinnar og tvo til vara, sbr. 3. gr. Við þá kosningu hefur hvert félag eitt atkvæði. Þá skal ræða og gera ályktanir um málefni trygginganna.

Að afloknum fulltrúafundi skal Samábyrgðin senda ráðuneytinu afrit af fundargerðinni.

7. gr.

Samábyrgðin hefur lögveð í skipum og lögtaksrétt fyrir váttryggingariðgjöldum og skoðunarkostnaði, þó eigi í lengri tíma en 2 ár frá gjalddaga þeirra að telja.

Þegar Samábyrgðinni hefur verið tilkynnt, að váttryggt skip sé í veði fyrir láni, má eigi fella skipið úr tryggingu fyrir þá sök, að iðgjald sé eigi greitt, nema veðhafa hafi áður verið veittur hæfilegur frestur til að greiða iðgjaldið.

Þegar váttryggðar eignir eru veðsettar, nær veðrétturinn einnig til váttryggingarfjárins.

II. KAFLI

Bráðafúatryggingar.

8. gr.

Allir eigendur tréskipa með þilfari, sem ætluð eru til fiskveiða við Ísland, eru skyldir til að váttryggja þau hjá Samábyrgðinni gegn skemmdum af bráðafúa, svo sem af völdum *Coniophora cerebella*, *Poria* og annarra sveppategunda, er slíkan fúa geta orsakað að dómi Rannsóknarstofnunar fiskiðnaðarins.

Þegar skip eru smíðuð eða skipshlutar endurnýjaðir, skal eigandi skips hlíta þeim fyrir mælum, sem Samábyrgðin setur til varnar gegn hættu af bráðafúa.

9. gr.

Eigi er skylt að váttryggja gegn bráðafúa skip, sem vegna ágalla hefur ekki haffærisskirteini, enda leiði skoðun í ljós, að ekki sé útlit fyrir að gert verði við skipið eða að viðgerð hafi ekki hafizt innan eðlilegs tíma. Þegar svo stendur á, skal Samábyrgðin segja tryggingu skipsins upp, en tilkynna skal það veðhöfum með 14 daga fyrirvara.

Súðbyrt skip er eigi skylt að váttryggja gegn bráðafúa.

10. gr.

Nú óskar eigandi skips, sem ætlað er til annarra nota en fiskveiða, að váttryggja skip sitt gegn bráðafúa, og er þá Samábyrgðin skyld að váttryggja skipið, enda hafi skipið ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri tryggingu.

11. gr.

Neiti eða vanræki skipseigandi að váttryggja skip, sem tryggingarskylt er samkvæmt lögum þessum, skal það eigi að síður metið og váttryggt af Samábyrgðinni, allt eftir ákvörðun þessara laga svo og reglugerða auk annarra fyrirmæla, sem sett kunna að verða samkvæmt þeim.

12. gr.

Váttryggingarfjárhæðir skipa fara eftir mati, sem framkvæmt er af tveimur matsmönnum, er Samábyrgðin skipar. Skulu þeir við matið fara eftir þeim reglum, sem stjórn Samábyrgðarinnar setur.

13. gr.

Skipaskoðun ríkisins skal einu sinni á ári láta fara fram sérstaka rannsókn á hverju tréskipi til þess að leiða í ljós, hvort um sé að ræða fúaskemmdir þær, sem tryggt er fyrir í lögum þessum. Ber að tilkynna Samábyrgðinni, ef vart verður slíkra skemmda.

14. gr.

Tjón bætast eftir mati og því aðeins, að þau hafi verið tilkynnt Samábyrgðinni strax og skemmdir varð vart, og váttryggjandi hafi átt kost á að láta skoða tjónið, áður en viðgerð hófst.

Váttryggjandi skal láta sérfræðing dæma tegund fúans og trúnaðarmann sinn hafa eftirlit með viðgerðinni.

Eigandi sér um viðgerð skips síns, nema váttryggjandi ákveði að taka viðgerðina í sínar hendur.

Tjónbætur greiðast jafnótt og viðgerð fer fram, eftir því sem nánar kann að verða ákveðið í reglugerð.

Séu skemmdir svo miklar og skip að öðru leyti svo lélegt og óhentugt, að váttryggða og váttryggjanda komi saman um, að skipið skuli rífið, skal tjónið bætt aðeins að tveim þriðju hlutum tjónmatsins.

Með reglugerð skal ákveða hlutdeild skipseiganda í áhættunni.

15. gr.

Ráðherra ákveður iðgjöld í samráði við Samábyrgðina. Þau skulu ákveðin árlega og miðast við áhættu samkvæmt reynslu þriggja næstliðinna ára.

Iðgjöldin falla í gjalddaga, þegar tryggingin gengur í gildi og síðan 1. janúar ár hvert.

16. gr.

Ágreiningur milli váttryggða og váttryggjanda skal lagður í gerð. Gerðardómsmenn skulu vera þrír og tilnefndir af Hæstarétti.

III. KAFLI

Ýmis ákvæði.

17. gr.

Samábyrgðin er undanþegin eignar- og tekjuskatti til ríkissjóðs og gjöldum til borgarsjóðs Reykjavíkur, nema fasteignaskatti og aðstöðugjaldi skv. II. og III. kafla laga um tekjustofna sveitarfélaga.

Váttryggingarskirteini, sem Samábyrgðin gefur út, eru undanþegin stimpilgjaldi.

18. gr.

Ráðherra setur með reglugerð eða á annan hátt nánari fyriræli um framkvæmd þessara laga að fengnum tillögum stjórnar Samábyrgðar Íslands á fiskiskipum.

19. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 23 27. júní 1921, um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip ásamt síðari breytingum og viðauka.

20. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Bráðabirgðaákvæði.

Ráðherra skal í fyrstu skipa þrjá menn án tilnefningar í stjórn Samábyrgðarinnar, þar til stjórnarmenn hafa verið kosnir á fulltrúafundi skv. 6. gr.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta var lagt fyrir síðasta Alþingi, en varð ekki útrætt. Eftir að frumvarpið hafði verið lagt fyrir Alþingi var svofelld ályktun samþykkt á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna 1965:

„Aðalfundur L.Í.Ú. telur, að frumvörp til laga, sem nú liggja fyrir Alþingi, og send hafa verið samtökunum til umsagnar, um Samábyrgð Íslands á fiskiskipum og um bátaábyrgðarfélög, þurfi frekari athugunar við en hægt er að gera á þeim skamma tíma, sem aðalfundur stendur yfir. Þess vegna samþykkir fundurinn að kjósa þriggja manna nefnd til þess að semja umsögn um bæði frumvörpin, og skal nefndin hafa samráð við stjórn samtakanna um efni hennar, áður en hún er send Alþingi.

Þó vill fundurinn taka eindregna afstöðu gegn hækkaðri skyldutryggingu úr 100 lestum í 400 rúmlestir.“

Er frumvarpið var lagt fram á síðasta Alþingi, fylgdu því þær athugasemdir, sem hér fara á eftir:

Lögum þeim, sem drög eru lögð að með þessu frumvarpi, er ætlað að koma í staðinn fyrir lög nr. 23 27. júní 1921 um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip ásamt viðauka í lögum nr. 24 29. apríl 1958. Lög þessi eru nú svo úrelt orðin, að nauðsyn þykir að setja ný lög um sama efni. Frumvarpið verður að skoða í samhengi við frv. til laga um bátaábyrgðarfélög, sem lagt er fram samhliða þessu frumvarpi. Frumvarpið er samið á vegum sjávarútvegsmálaráðuneytisins af Jóni Erlingi Þorlákssyni, tryggingafræðingi.

Til hliðsjónar við samningu frumvarpsins var höfð ályktun, sem gerð var á aðalfundi Landssambands íslenskra útvegsmanna í nóvember 1964, en ályktunin er svo hljóðandi:

„Aðalfundur L. Í. Ú., haldinn 26.—28. nóvember, telur, að ekki megi lengur dragast að setja ný lög um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip, þar sem gildandi lög eru fyrir löngu orðin úrelt og á margan hátt ógerlegt að starfa eftir þeim.

Fundurinn telur æskilegt, að skyldutrygging fiskiskipa verði miðuð við allt að 400 rúmlestir brúttó, og bátaábyrgðarfélögin verði efld frá því sem nú er og verksvið þeirra færð út þannig, að þau annist allar tryggingar fyrir fiskiskipaflotann.

Það er álit fundarins, að stjórn Samábyrgðar Íslands eða sambands bátaábyrgðarfélaganna eigi að vera í höndum útvegsmanna sjálfra að verulegu leyti, en telur eðlilegt, að ríkisvaldið eigi þar einnig sinn fulltrúa. Fundurinn skorar á sjávarútvegsmálaráðherra að leggja fram á Alþingi því, sem nú situr, frumvarp til laga um váttryggingarfélag fyrir fiskiskip.“

Helztu efnisbreytingar, sem í frumvarpinu felast, eru þessar:

1. Stjórn Samábyrgðarinnar verði skipuð fimm mönnum, formanni tilnefndum af ráðherra, tveimur mönnum tilnefndum af Landssambandi íslenskra útvegsmanna og tveimur kosnum af bátaábyrgðarfélögunum. Framkvæmdastjóri sé ekki jafnframt í stjórn félagsins. Nú eru þrír menn í stjórn, tveir skipaðir af ráðherra, þ. á m. formaðurinn, sem jafnframt er framkvæmdastjóri, en einn er tilnefndur af bátaábyrgðarfélögunum.
2. Samábyrgðin fái heimild til að taka að sér slysa- og ábyrgðartryggingar fyrir útgerðina, ýmist sem endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélög, sem taka slíka tryggingu að sér, eða sem frumtryggjandi, ef bátaábyrgðarfélag á viðkomandi tryggingasvæði tekur ekki að sér slíkar tryggingar.
3. Sett eru ákvæði um, að Samábyrgðin boði til fundar með fulltrúum frá bátaábyrgðarfélögunum eigi sjaldnar en þriðja hvert ár, þar sem kosnir séu tveir menn í stjórn Samábyrgðarinnar, skipzt á skoðunum og gerðar ályktanir um málefni trygginganna.
4. Ákvæði núgildandi laga um ábyrgð ríkissjóðs á skulbindingum Samábyrgðarinnar verði fellt niður.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

Um 1. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 2. gr.

1. mgr., a.-liður. Kemur í staðinn fyrir a.-lið 2. gr. l. nr. 23/1921. Núgildandi ákvæði um, að Samábyrgðin taki ekki ábyrgð á meira en helmingi af váttryggingarverði skips, er ónothæft, enda hefur ekki verið farið eftir því.

b.-liður. Þetta er nýmæli. Hér er átt við endurtryggingu á afla, veiðarfærum og lausum munum skips og skipshafnar, slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar, sem bátaábyrgðarfélögin kunna að taka að sér, sbr. frumvarp til laga um bátaábyrgðarfélög. Sjá einnig e.-lið hér að neðan.

c.-liður. Þessi liður er efnislega samhljóða b.-lið 2. gr. l. nr. 23/1921.

d.-liður. Þessi liður kemur í stað 3. mgr. 2. gr. l. nr. 23/1921, sbr. l. nr. 28/1948, og er ekki um að ræða efnisbreytingu.

e.-liður. Þessi liður kemur í stað c.-liðar 2. gr. l. nr. 23/1921.

Samábyrgðin hefur nú heimild til að taka að sér tryggingu á afla, veiðarfærum og útbúnaði „ef um algeran skiptapa er að ræða.“ Þessi heimild er of bundin, þar sem t. d. veiðarfæratryggingar þær, sem útgerðarmenn kaupa nú, ná einnig til tjóna, sem verða án þess að skipið tynist jafnframt. Hér er einnig bætt við heimild til, að Samábyrgðin taki að sér aðrar tryggingar, sem snerta útgerð fiskiskipa, en þar er aðallega um að ræða slysatryggingar sjómanna og ábyrgðartryggingar, sem eru bundnar samningum milli útvegsmanna og sjómanna. Með síðasta málsliðnum: „Þó skal Samábyrgðin ekki heyja samkeppni við bátaábyrgðarfélögin um þessar tryggingar“, er átt við, að ef bátaábyrgðarfélag gefur skipaeigendum á sinu félagssvæði kost á umræddum tryggingum, þá skuli Samábyrgðin ekki starfa sem frumtryggjandi á sama sviði á félagssvæðinu. Slíkt væri óheppilegt, þar sem þá er gert ráð fyrir, að Samábyrgðin sé endurtryggjandi fyrir bátaábyrgðarfélagið, sbr. b.-lið. Taki einhver bátaábyrgðarfélög ekki að sér þessar tryggingar, en um hugsanlega starfsemi þeirra á því sviði er fjallað í frumvarpi um bátaábyrgðarfélög, þá væri eðlilegt og æskilegt, að Samábyrgðin kæmi til skjalanna sem frumtryggjandi.

f.-liður. Um bráðafúatryggingar gilda nú l. nr. 24/1958 um viðauka við l. nr. 23/1921.

2. mgr. Hliðstætt ákvæði er ekki í núgildandi lögum. Samábyrgðin á að vera miðstöð fyrir bátaábyrgðarfélögin, og þangað eiga þau að geta sótt ráð og leiðbeiningar.

Um 3. gr.

Um ákvæði þessarar greinar vísast til þess, sem sagt er í almennu athugasemdunum hér að framan. Tilsvarandi ákvæði eru nú í 12. gr. 1. nr. 23/1921.

Um 4. gr.

Hér eru sett ákvæði um stjórnarfundir, en hliðstæð ákvæði eru ekki í núgildandi lögum.

Þá er gerð sú breyting, sem áður var getið um, að stjórnin ráði framkvæmdastjóra, og að hann skuli ekki eiga sæti í stjórn félagsins. Í svo stóru og þýðingarmiklu fyrirtæki, sem Samábyrgðin er, þykir það ekki hæfa, að framkvæmdastjórn sé jafnframt í stjórn félagsins.

Um 5. gr.

1. mgr. Þarfnast ekki skýringa. Hliðstæð ákvæði eru ekki í lögum nú, en í framkvæmdinni hefur reikningsár félagsins verið almanaksárið.

2. mgr. Nauðsynlegt þykir, að tekjur og gjöld vegna hvernar tryggingargreinar fyrir sig komi fram, og hefur það verið svo í framkvæmd.

3. mgr. Hliðstætt ákvæði er í 5. gr. 1. nr. 24/1958. Ákvæði þeirrar greinar um endurtryggingu áhættunnar eru felld niður. Áhættan hefur ekki verið endurtryggð hingað til og virðist ekki ástæða til að gera það framvegis, en um það mundi stjórn Samábyrgðarinnar hafa frjálssar hendur.

4. mgr. Ákvæðið um endurskoðanda er ekki í núgildandi lögum, en skv. 3. gr. rgj. nr. 88/1921 skipar stjórnarráðið endurskoðanda.

5. mgr. Hliðstætt ákvæði er í 3. mgr. 12. gr. 1. nr. 23/1921, sbr. 1. nr. 28/1948. Gamla ákvæðið um ársfjórðungslegar skýrslur er úrelt, og hefur því ekki verið framfylgt. Ekki hefur heldur verið framfylgt því ákvæði, að Samábyrgðin skili reikningum innan þriggja mánaða frá árslokum, enda er sá frestur of skammur.

Um 6. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru nýmæli, sjá almennu athugasemdirnar.

Slíkir fundir, sem hér um ræðir, eru í fyrsta lagi nauðsynlegir til að kjósa menn í stjórn Samábyrgðarinnar, sbr. 3. gr. Í öðru lagi ætti það að vera mjög gagnlegt, að þeir menn, sem að þessum málum vinna í hinum ýmsu landshlutum, hittist og beri saman bækur sínar. Slíkt eykur áhuga á starfinu og víkkar sjónarsviðið.

Um 7. gr.

1. og 2. mgr. eru að mestu efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum í 10. gr. 1. nr. 23/1921. Síðasti málsliður þeirrar greinar er felldur niður, enda er hann óþarfur, þar sem hliðstætt ákvæði er í núgildandi lögum um bátaábyrgðarfélögin og gert ráð fyrir, að það haldist.

3. mgr. er samhljóða 9. gr. 1. nr. 23/1921.

Um 8. gr.

Ákvæði þessarar greinar eru efnislega samhljóða 1. mgr. 1. gr. 1. nr. 24/1958. Síðari málsgrein er þó viðbót.

Um 9. gr.

Í núgildandi lög um bráðafúatryggingar vantar ákvæði um, hvenær skip verði talið ónýtt í þeim mæli, að bráðafúatryggingin eigi að falla niður, og hefur þetta verið bagalegt. Með ákvæði 1. mgr. er reynt að bæta úr þessu.

Kunnugir telja, að súðbyrt skip skemmist aldrei af bráðafúa, og því þykir rétt að þau séu undanþegin tryggingunni.

Um 10. gr.

Þessi grein kemur í stað 3. mgr. 1. gr. 1. nr. 24/1958. Ákvæði niðurlags greininnar: „enda hafi skipið ekki áður verið ótryggt, þegar það átti rétt á slíkri trygg-

ingu“, er nýmæli, sem þýðir, að réttur til að tryggja skipið glatast, ef hann hefur ekki ætíð verið notaður, þegar hann var fyrir hendi. Ákvæðið er sett til að hindra, að eigandi óski þá fyrst tryggingar á skipinu, þegar hann fær grun um, að bráðafúi sé að koma upp í því.

Um 11. gr.

Þessi grein er efnislega samhljóða 2. mgr. 1. gr. l. nr. 24/1958.

Um 12. gr.

Þessi grein kemur í stað 2. gr l. nr. 24/1958. Ekki er um að ræða efnisbreytingu frá því, sem verið hefur í framkvæmd.

Um 13. gr.

Þessi grein er samhljóða síðustu málsgrein 4. gr. l. nr. 24/1958.

Um 14. gr.

1.—5. mgr. eru efnislega samhljóða hliðstæðum ákvæðum 4. gr. l. nr. 24/1958. 6. mgr. kemur í stað síðustu mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958.

Um 15. gr.

1. mgr. er samhljóða 1. mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958.

2. mgr. kemur í stað 1. málslíðar 2. mgr. 3. gr. l. nr. 24/1958. Um efnisbreytingu er ekki að ræða.

Um 16. gr.

Þessi grein er samhljóða 6. gr. l. nr. 24/1958.

Um 17. gr.

Í núgildandi lögum um Samábyrgðina eru engin ákvæði um fríðindi varðandi skattskyldu eða stimpilgjald, en í framkvæmdinni hefur þeim málum verið háttað eins og segir í greininni. Hér er því ekki um efnisbreytingu að ræða.

Um 18. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 19. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Um 20. gr.

Þarfnast ekki skýringa.

Bráðabirgðaákvæði.

Þarfnast ekki skýringa.